

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Siglufirði



Dags eftirlits	21.6.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	504438,502	628597,321

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Siglufirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olúprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu. Bæta má skráningar á mælingum og eftirliti með olíuskilju.

Í eftirliti var mæld setþykkt í sandfangi, og reyndist vera 12 cm.

Fjórir geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Allar lagnir voru einnig í lagi. Áfyllingarplan var skoðað en það er farið að láta á sjá, en uppfylltir kröfur.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (bró) og olíuskilja. Tekið var á loka í frárennsli og stóð hann lokaður eins og kröfur eru um. Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar.

ANNAÐ

Olíudreifing hefur útbúið mánaðarblöð til skrásetningar á skoðunum og mælingum í stöðinni, t.d. fyrir skráningu mælinga sem gerðar eru í sandfangi og olíuhólfi í olíuskilju. Mælst er til þess að umsjónarmenn stöðvarinnar skrái mælingar á mánaðarblöð og þau séu aðgengileg í eftirliti

Reykjavík, 16.07.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.